

Nefndarálit með breytingartillögu

**um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari
breytingum (takmarkanir á einkarétti höfunda til hagsbóta
fyrir einstaklinga með sjón- eða lestrarhömlun).**

Frá minni hluta allsherjar- og menntamálanefndar.

Minni hlutinn styður meginefni frumvarpsins en telur að bótaréttur skv. 1. mgr. d-liðar 2. gr. frumvarpsins (19. gr. d) eigi að ná til rétthafa, en ekki takmarkast við höfunda, sem væri jafnframt í samræmi við umfjöllun í greinargerð með frumvarpinu um „bætur til rétthafa“. Minni hlutinn fellst þannig t.d. ekki á að réttur útgefenda byggist einvörðungu á samningum þeirra við höfunda og að útgefendur eigi þannig engan sjálfstæðan rétt.

Minni hlutinn bendir á að útgefendur hafa fjárhagslegra hagsmunu að gæta þegar gengið er til samninga við höfund, enda jafnan áskilið í þeim samningum að útgefandi leggi í margvislegan kostnað við útgáfu og markaðssetningu bókar. Samkvæmt framangreindu ákvæði á útgefandi sem gefur út verk þar sem annaðhvort höfundarréttur er fallinn niður eða verkið unnið á forlagi af starfsmönnum þess engan rétt á bótum fyrir frijáls afnot bókarinnar jafnvel þótt hann eigi sambærilegan rétt og lifandi höfundur bókar til að njóta arðs af henni á almennum markaði og verði fyrir sambærilegu tjóni. Í þessu samhengi bendir minni hlutinn á að útgefendur ættu jafnframt ekki rétt á bótum vegna ýmissa verka og stórvirkja sem unnin eru á ritstjórnum bókaútgáfufyrirtækjanna með tilheyrandi kostnaði. Dæmi um slík verk eru til að mynda nýjar útgáfur af Íslendingasögum.

Minni hlutinn telur að viðurkenna eigi bótarétt rétthafa líkt og gert hefur verið í Danmörku. Þá telur minni hlutinn ekki loku fyrir það skotið að erfingjar höfundar eða aðilar sem hafa ráðstafað umsýslu höfundarréttinda sinna inn í félag sem fer með fjárhagslegan hluta höfundaréttar viðkomandi höfundar verði ekki taldir eiga rétt til bóta ef bótaréttur er takmarkaður við höfund en ekki við rétthafa.

Minni hlutinn leggur áherslu á að gætt sé jafnræðis allra rétthafa sem sæta skerðingu réttinda sinna og telur að með frumvarpinu sé gengið of skammt í þeim efnum. Með hliðsjón af framangreindu leggur því minni hlutinn til breytingar þess efnis að rétthafar eigi rétt til bóta.

Að framangreindu virtu leggur minni hlutinn til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „skal höfundur“ og orðsins „höfundar“ í 1. mgr. d-liðar 2. gr. komi: skulu rétthafar; og: rétthafa.

Alþingi, 1. mars 2021.

Guðmundur Andri Thorsson.

